

Nd.

699. Nefndarálit

[264. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með lögum nr. 72 frá 28. maí 1969 var stofnaður sjóður — Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins — með skylduframlögum aðila í sjávarútvegi. Tilgangur sjóðsins er sá að tryggja sem jafnast verð á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins með því móti, að þegar verðlag á þeim afurðum er hátt erlendis á að leggja hluta af tekjum aðila í sjávarútvegi í sjóðinn, en þegar verð erlendis fer lækkandi hleypur sjóðurinn undir bagga með greiðslu verðuppbóta.

Það fer ekki á milli mála, að atvinnugrein eins og sjávarútvegurinn, sem háður er miklum verðsveiflum á afurðum sínum erlendis, þarf að eiga sér slíkan sjóð sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins er til þess að tryggja atvinnugreininni sem jafnastar ytri aðstæður. Hinu hættir mönnum stundum til að gleyma, að sjóður þessi er myndaður af aðilum í sjávarútvegi eingöngu og er því óskoruð og óvefengjanleg eign þeirra, sem við þann atvinnuveg starfa — raunar eins konar geymslufé þeirra. Að því leytnu til nýtur sjóðurinn nokkurrar sérstöðu umfram aðra sjóði og ætti að vera óheimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum — hvorki til greiðslu né lánveitinga — nema með fullu samþykki þeirra, sem að sjóðnum standa.

Það gefur auðvitað auga leið, að sjóður eins og Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, sem myndaður er með geymslufé útflutningsatvinnuvegar, verður ávallt að halda verðgildi sínu óbreyttu án tillits til gengisbreytinga. Það er raunar forsenda fyrir sjóðnum, að það fjármagn, sem rennur til sjóðsins sem hluti af gjaldeyris-tekjum sjávarútvegsins, sé varðveitt í erlendri mynt, enda mun það hafa verið tilgangur þeirra, sem sömdu gildandi lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Undir stjórn núverandi ríkisstjórnar skapaðist hins vegar slíkt ófremdarástand í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, að þegar síðasta gengisbreyting var gerð mátti heita, að Seðlabankinn ætti engan erlendan gjaldeyri. Stóð því engin gjaldeyrisegn á bak við Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, þar sem sú baktrygging sjóðsins hafði gúfað upp sem eyðslufé í óstjórninni. Miðað við tilgang sjóðsins mátti því heita, að hann væri aðeins til á pappírnum.

Seðlabankinn hefur því ekki getað staðið við að gengistryggja sjóðinn og er nú ætlunin með þessu frv. að létta þeirri kvöð af honum og flytja yfir á ríkissjóð. Er með öllu óvitað, hve þunga bagga er hér verið að binda ríkissjóði upp á framtíðina. Auk þessa má benda á, að ríkissjóði er aðeins ætlað að taka við skyldunum, þar sem Seðlabankanum er hins vegar ætlað að varðveita sjóðinn áfram svo og falið það nýja verkefni skv. frv. að ávaxta fé sjóðsins með gengistryggðum lánveitingum til banka og annarra lánsstofnana. Skv. frv. virðist bankinn t. d. allt eins geta lánað þetta geymslufé sjávarútvegsins til annarra aðila en aðila í sjávarútvegi og hefur sjóðurinn þar með talsvert fjarlægst upphaflegan tilgang sinn.

Minni hl. sjútvn. telur, að inneignir Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins þurfi að varðveita í erlendum gjaldeyri. Í ljós hefur komið, að það hefur ekki verið gert.

Með frv. þessu er að því stefnt að gengistryggja fé sjóðsins með öðrum hætti og af öðrum aðilum. Minni hl. nefndarinnar telur, að þær aðferðir séu stórum lakari og umdeildari og mun ekki styðja þær. Ríkisstj. verður sjálf að bera ábyrgð á þeim eins og hún bar ábyrgð á því stjórnleysi í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, sem varð til þess að grundvöllur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins — innistæða í erlendum gjaldeyri fyrir inneignum hans — hrundi.

Alþingi, 12. maí 1975.

Sighvatur Björgvinsson,
frsm.

Garðar Sigurðsson.